

# Fundargerð

139. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn miðvikudaginn 9. nóvember 2011, kl. 14.00 á skrifstofu HNE að Furuvöllum 1, Akureyri.

## Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**
- 2. Haustfundur heilbrigðiseftirlitssvæða með Umhverfis- og Matvælastofnun þann 19. og 20. október s.l. Stutt kynning á efni fundarins.**

Alfreð Schiöth kynnti efni fundarins og svaraði fyrirspurnum. Fundinn sitja heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga, Umhverfis- og Matvælastofnun og viðkomandi ráðuneyti og er fjallað um málefni er varða stjórnslu, framkvæmd eftirlits og ýmis fagleg úrlausnarefni.

- 3. Fundur í Umhverfissráðuneytinu þann 21. okt. s.l. um undirbúning að útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2012-2023 og innleiðingu á rammatilskipun Evrópusambandsins um úrgang (2008/98/EB) í íslenskan rétt. Stutt kynning á efni fundarins.**

Alfreð Schiöth skýrði frá fundinum. Umræður urðu um lands- og svæðisáætlanir og mikilvægi þess að eiga úrræði til brennslu á sóttmengudum úrgangi (þ.m.t. dýrahæ) og að sveitarfélögin eigi farveg fyrir allar tegundir af úrgangi. Alfreð skýrði frá því að á umræddum fundi í ráðuneytinu hafi einnig verið rætt um verkaskiptingu á milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna eftirlits með mengandi fyrirtækjum og er unnið að endurskoðun verkaskiptingar í Umhverfissráðuneytinu.

- 4. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) þann 8. nóv. s.l. Stutt kynning á efni fundarins.**

Þar sem veður hamlaði flugi, þá var enginn fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á fundinum. Fundargerð SHÍ verður kynnt á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

- 5. Beiðni frá Umhverfisstofnun um tilnefningu fulltrúa heilbrigðisnefndar í vatnasvæðanefnd á vatnasvæði 2, sbr. 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála. Tillaga er gerð um að María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi verði fulltrúi nefndarinnar.**

María Markúsdóttir er tilnefnd sem fulltrúi heilbrigðisnefndar í vatnasvæðanefnd. Rætt var um helstu verkefni þessarar nýju nefndar. Fram kom að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerði rannsóknir á gæðum árvatns í Eyjafirði og í S-Þingeyjarsýslu á árunum 2003 og 2005. Þessar skýrslur og einnig síðari mælingar á skólpmengun í sjó koma til með að gagnast í starfi vatnasvæðanefndar.

**6. Áform Umhverfisstofnunar um áminningu og kröfu um úrbætur vegna olíubirgðastöðvar Olíudreifingar á Akureyri. Kynning.**

Umhverfisstofnun (UST) hefur endurskoðað verkferla vegna frávíka sem uppgötvast í eftirliti og gengur fram með ákveðnari hætti en áður hvað varðar eftirfylgni. Athugasemdir UST voru kynntar.

**7. Áform Umhverfisstofnunar um áminningu og kröfu um úrbætur vegna Sorpsamlags Þingeyinga ehf, þ.e. vegna sorpbrennslustöðvar, urðunarstaðar á Kópaskeri og vegna urðunar og geymslu í Laugardal. Kynning.**

Kynntar voru athugasemdir og ábendingar Umhverfisstofnunar (UST) skv. endurskoðuðu verklagi vegna frávíka, sjá upplýsingar undir 6. lið. Athugasemdir UST voru kynntar.

**Umsóknir um starfsleyfi:**

1. Point Dansstudio, kt. 630106-1330, Þrekhöllinni, Skólástíg 3, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna danskennslu. **Samþykkt.**
2. Daggæsla Guðrúnar og Öldu, kt. 101177-3789, Ásabyggð 6, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna daggæslu barna. **Samþykkt.**
3. Leikskólinn Lundarsel, kt. 410169-6229, Hlíðarlundi 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna aukinnar starfsemi leikskólans. **Samþykkt.**
4. Orkulundur, kt. 541210-0830, Viðjulundi 1, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna heilsutengdrar starfsemi (jóga, nudd, homopatía, námskeiðahald, heilun, höfuðbeina- og spjaldhryggjameðferð, lithimnu og hvítugreining). **Samþykkt.**
5. Jara ehf, kt. 70060-5710, Glerártorgi, umsókn um starfsleyfi vegna sölu á snyrtivörum á Glerártorgi. **Samþykkt.**
6. Skíðafélag Akureyrar, kt. 480101-3830, umsókn um starfsleyfi fyrir bakstur á kleinum í Síðuskóla og sölu í heimahús. **Samþykkt.**
7. Bóka ehf, kt. 601207-0280, Norðurvegi 17, 630 Hrísey, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á sumarhúsi. **Samþykkt.**
8. Útgerðarfélagið Hvammur ehf, kt. 690493-2179, Sjávargötu 1, 630 Hrísey, umsókn um starfsleyfi vegna alhliða fiskvinnslu (flökun, frýsting, ferskt). **Samþykkt til bráðabirgða til eins árs. Heilbrigðisnefnd fer fram á að Hvammur ehf skili innan þriggja mánaða tímasettri framkvæma-áætlun um úrbætur vegna ófullnægjandi fráveitu.**

9. B. Jensen, kt. 440698-2989, sláturhús, kjötvinnsla og verslun, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt til bráðabirgða til eins árs. Heilbrigðisnefnd fer fram á að B. Jensen ehf skili innan þriggja mánaða tímasettri framkvæmdaáætlun um úrbætur vegna ófullnægjandi fráveitu.**
10. Þórduna, kt. 591192-2999, nemendafélag VMA, umsókn um starfsleyfi fyrir sultugerð í eldhúsi VMA og sölu. **Samþykkt.**
11. Ferðapallhýsi ehf, kt. 610406-0250, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi að Geldingsá í Svalbarðsstrandarhreppi. **Samþykkt.**
12. Ýmir sf, kt. 420267-0109, trésmíðaverkstæði, Furuvöllum 9, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
13. Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf, kt. 600194-2679, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

## Önnur mál

Ákveðið var að halda næsta fund þann 7. des. n.k. á Húsavík.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15.

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	